

spurningum þessum og hinum, er áfrýjanda kynni að vera skylt að svara. Fyrir því ber að fella úr gildi bæjarþingsúrskurðinn, eins og hann liggur fyrir, og eptir þessum úrslitum málsins verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 12 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsrjettar-úrskurður er úr gildi felldur. Í málskostnað greiði stefndi, alþingismaður Jón Ólafsson, áfrýjandanum Sighvati Bjarnasyni 12 krónur innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 28/1888.

Halldór Melsted
 gegn
 Jóni Ólafssyni.

Dómur:

Í meiðyrðamáli einhverju, er fyrverandi latínuskólakennari í Reykjavík, Benedikt Gröndal, hefur höfðað gegn hinum stefnda, Jóni alþingismani Ólafssyni, og sem hefur verið rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, hefur hinn stefndi, nefndur Jón Ólafsson, stefnt áfrýjandanum, cand. philos. Halldóri Melsted, til þess að bera vitnisburð um ýms atvik eptir skriflegum spurningum, er fram voru lagðar í bæjarþingsrjettinum hinn 14. júnímán. þ. á.

Áfrýjandinn neitaði þá að svara spurningum þeim, sem á hinu framlagða skjali (Nr. 11 í undirrjettar-

gjörðunum) eru auðkenndar Nr. 2—5, en með samtundis upp kveðnum úrskurði dómaraus var hann skyldaður til þess, að svara þessum spurningum, eða eptir því sem úrskurðurinn hljóðar, mótmæli hans voru ekki tekin til greina. — Úrskurði þessum hefur Halldór Melsted skotið til yfirdómsins með stefnu, dags: 27. júnímán. þ. á., og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi með 20 kr., eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarius. Á hinu bóginn mótmælti hinn stefndi þessum kröfum, og heimtaði að úrskurðurinn yrði staðfestur.

Spurningar þær, er hinn stefndi ljet leggja fyrir áfrýjanda máls þessa í bæjarþingsrjettinum og sem áfrýjandi neitaði að svara, eru þess efnis, *hvort* tekið hafi verið fram í einhverri kæru frá rektor latínuskólans í Reykjavík til stiptysfirvaldanna, að nauðsyn væri að svipta Gröndal embætti fyrir vissar tilgreindar sakir; *hvort* áfrýjandi hafi lesið tillögu stiptysfirvaldanna eða amtmanns til landshöfðingja um málefni þetta; *hvort* það hafi verið tillaga stiptysfirvaldanna, að víkja skyldi Gröndal frá embætti fyrir óreglu eða drykkjuskap; og *hvort* að beiðni Gröndals um lausn hafi eigi komið fram, eptir að umræddar tillögur voru gjörðar.

Áfrýjandi er skrifari á skrifstofu amtmannsins yfir Sudur- og Vesturamtinu, og var honum stefnt til vitnisburðar um ofan nefnd atvik, að því er virðist einmitt af því að álitid var, að honum sakir þessarar stöðu hans væri persónulega kunnugt um þau. Það er allsendis vafalaust, að skrifarar á skrifstofum

embættismanna hafa enga heimild til að skýra frá, hver embættisleg skjöl hafi komið á skrifstofuna. nje hvers efnis þau hafi verið, eða hver málefni og hvernig löguð hafi komið þangað undir úrlausn hlutadeigandi embættismanns, nema því að eins að embættismaðurinn sjálfur, er stýrir skrifstofunni og umráð hefur yfir henni, gefi leyfi sitt til þess, en þvílíkt leyfi er eigi fram komið í þessu máli. Þessari sjálf-sögnu reglu verður ekki umhverft með því, að stefna hlutadeigandi skrifstofuhjóni fyrir rjett til þess þar að gefa vitnisburð. Eptir þessu var áfrýjanda eigi skylt að svara upp á vitnasurningar þær, er fyrir hann voru lagðar í bæjarþingsrjettinum hinn 14. júní síðastliðinn, og verður því að fella úr gildi úrskurð þann, sem hjer er undir áfrýjun.

Það er eptir þessum málavöxtum rjett, að hinn stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, að upphæð 12 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjadi bæjarþingsrjettar-úrskurður er úr gildi felldur. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi, alþingismaður Jón Ólafsson, áfrý-
andanum Halldóri Melsted 12 krónur innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.